

**Nd.**

## **288. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lögum nr. 43 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

### **1. gr.**

- a. Í stað „60“ í fyrstu málsgr. 8. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 komi: 48.
- b. Í stað „ $\frac{1}{2}$ “ í sömu málsgrein komi:  $\frac{1}{4}$ .
- c. Fyrir „ $\frac{1}{2}$ “ og „42“ í 2. málsgr. sömu gr. komi:  $\frac{1}{4}$  og 34.
- d. 5. málsgr. sömu gr. orðist svo:

EKKI MÁ TAKA IÐNNEMA TIL KENNSLU YNGRI EN 16 ÁRA. ÞÓ ER HEIMILT, MEÐ SÉRSTÖKU SAMÞYKKI IÐNAÐARFULLTRÚA Í HVERT SINN, AÐ VEITA KVENNEMENDUM UNÐANÞÁGU Í ÞESSU EFNÍ, ENDA SÉ UM AÐ RÆÐA IÐN, SEM EKKI KREFAST VERULEGS LIKANLEGS ERFIÐIS, OG NEMANDINN FULLRA 15 ÁRA.

### **2. gr.**

4. gr. l. nr. 43 12. febr. 1940 orðist svo:

Við 10. gr. l. nr. 100 11. júní 1938 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Aldrei má meistari ráða fleiri nemendur til iðnaðarnáms hjá sér en hann hefur fullgilda iðnaðarmenn í vinnu á sama tíma.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Sneuma á þessu þingi bárust frá iðnaðarfulltrúum tilmæli um, að nefndin beitði sér fyrir þrem nánar tilteknum breytingum á iðnaðarnámslögunum. Tillögur þessar voru sendar stjórn Landssambands iðnaðarmanna til umsagnar, og mælti hún með, að tvær af þessum breytingartillögum næðu fram að ganga, nokkuð breyttar þó. Eru þessar breytingar báðar teknar upp í frv.

Þá er auk þess tekinn upp í frv. styttri vinnutími fyrir iðnnema en nú er ákveðinn, og er það í samræmi við styttingu vinnutíma hjá sveinum, en það virðist augljóst, að samræmi verði að vera á milli vinnutíma nemanna og vinnutíma sveinanna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma með frekari breytingartillögum við i. eða styðja aðrar, sem fram kunna að koma.

Nánar í framsögu.